

## **Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa**

Úrskurður uppkveðinn 28. maí 2025 í máli nr. 159/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen prófessor.

### **I**

#### **Aðild og kröfugerð**

Þann 8. nóvember 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili telur að körfuboltaskór sem hann keypti af varnaraðila hafi verið haldnir galla og krefst þess að varnaraðili endurgreiði sér kaupverð að fjárhæð 9.190 krónur.

### **II**

#### **Málsmeðferð hjá kærunefndinni**

Með bréfi, dags. 11. nóvember 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust 16. desember 2024. Athugasemdir sóknaraðila við andsvörum bárust 20. sama mánaðar. Athugasemdir bárust ekki frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, staðfesting á kaupunum, ljósmyndir sóknaraðila og skjáskot af smáskilaboðum milli aðila.

Með bréfi, dags. 27. maí 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### **III**

#### **Málsatvik og ágreiningsefni**

Sóknaraðili festi kaup á körfuboltaskóm af gerðinni [...] í verslun varnaraðila þann 15. febrúar 2024 fyrir 9.190 krónur. Að sögn sóknaraðila hafi hann aðeins notað skóparið í nokkur skipti við körfuboltaíðkun. Í byrjun nóvember 2024 kveðst sóknaraðili hafa fundið fyrir því að botn beggja skónna við hæl hefði aflagast. Þann 6. þess mánaðar óskaði sóknaraðili eftir því að skila skónum til varnaraðila og fá endurgreiðslu kaupverðs. Hafnaði varnaraðili því á þeim grundvelli að 28 daga skilafrestur samkvæmt skilmálum hans væri liðinn.

Röksemdir sóknaraðila lúta að því að skórnir hafi verið gallaðir við kaupin og að hann hafi upplýst varnaraðila um ágalla á skónum um leið og hann varð þeirra var. Vísar sóknaraðili aukinheldur til þess að hafa aðeins notað skóna í 5-8 skipti alls við hefðbundna körfuboltaíðkun. Krefst sóknaraðili fullrar endurgreiðslu kaupverðs.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt skilmálum hans sé hvorki unnt að skipta söluvöru né skipta henni gegn afhendingu inneignarnótu ef 28 dagar eru liðnir frá kaupunum. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili verði að beina kvörtun sinni undan ætluðum galla á skónum til framleiðanda þeirra.

## IV

### Lagaumhverfi

Ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) mæla fyrir um þau tilvik þegar söluhlutur telst haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Í a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. nkpl. Ákvæði 15. gr. mælir fyrir um þá eiginleika sem söluhlutur á að búa yfir. Í 1. mgr. segir að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Samkvæmt a. lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. skal söluhlutur „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í b. lið 2. mgr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í c. lið segir að söluhlutur skuli „henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð [...]“.

Ákvæði 18. gr. nkpl. mælir fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 1. mgr. að við mat á því hvort söluhlutur sé gallaður skuli miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flýst yfir til neytanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að ef annað sannast ekki skuli galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda.

## V

### Niðurstaða

Þann 15. febrúar 2024 keypti sóknaraðili körfuboltaskó í verslun varnaraðila fyrir 9.190 krónur. Að sögn sóknaraðila varð hann var við aflögun í botni skónna í byrjun nóvember 2024 og kvartaði undan því við varnaraðila í kjölfarið. Sóknaraðili telur að skórnir hafi verið haldnir galla við kaupin og að varnaraðila beri að endurgreiða honum kaupverð þeirra. Varnaraðili hafnar kröfu sóknaraðila með þeim rökum að skilafrestur samkvæmt skilmálum hans sé löngu liðinn. Þá telur varnaraðili að sóknaraðili verði að beina kröfu sinni að framleiðanda skónna.

Um sölu varnaraðila á skónum til sóknaraðila gilda lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Ákvæði laganna byggja á ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins 99/44/EB frá 25. maí 1999, um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar ber seljandi ábyrgð á göllum gagnvart neytandanum. Varnaraðili var viðsemjandi sóknaraðila og þar af leiðandi seljandi í þeim viðskiptum sem málið varðar. Úrlausn málsins fer fram á grundvelli ákvæði nkpl. en ekki ábyrgðarskilmála framleiðanda, enda er samkvæmt 1. mgr. 3. gr. óheimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiðir af ákvæðum laganna.

Þar sem ætlaður galli kom upp að liðnum sex mánuðum hvílir sönnunarbyrði fyrir því að skórnir hafi verið haldnir galla við kaupin á sóknaraðila, sbr. 2. mgr. 18. gr. nkpl. Hefur sóknaraðili lagt fram tvær ljósmyndir sem sýna skóna að innanverðu. Af þeim verður ráðið að einhver aflögun hefur orðið á innleggi við hæl en erfitt er að sjá með skýrum hætti hverjar skemmdir á skónum raunverulega eru. Þá verður að líta til þess að ýmis atriði geta haft áhrif á líftíma hlutar eins og skós, svo sem notkun, umgengni og umhirða.

Með hliðsjón af framanröktu og framlögðum gögnum verður ekki séð að sóknaraðila hafi tekist sönnun um að þeir vankantar sem eru á skónum megi rekja til galla sem hafi verið til staðar við afhendingu þeirra 15. febrúar 2024. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila.

**VI**  
**Úrskurðarorð**

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

---

Víðir Smári Petersen  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson